**ENDURSKOÐUNARNEFND**

Ár 2023, fimmtudaginn 16. október var haldinn 284. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Einar S. Hálfdánarson, Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir.
Fundarritari var Hallur Símonarson

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, skekkja í sjóðstreymi ársreiknings Reykjavíkurborgar árið 2022 dags. 15. þ.m.

   Erik Tryggvi Bjarnason Striz, Karl Einarsson og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

   Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

   > Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir svar sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs um hvernig það vildi til að skekkja myndaðist í sjóðstreymi ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022. Svarið felur í sér rótargreiningu sem er til þess fallin að bæta virkni innra eftirlits.

2. Lögð fram drög að samstarfssamningi endurskoðunarnefndar og fjármála- og áhættustýringarsviðs.

   Erik Tryggvi Bjarnason Striz, Karl Einarsson og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

   Samþykkt

3. Fram fer umræða um starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2022 – 2023

4. Önnur mál

- Lögð fram drög að starfsáætlun endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2023-2024.

**Fundi slitið kl. 13:53**

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir
Einar S. Hálfdánarson
Sunna Jóhannsdóttir